




Háteigur



13. árgangur 7. tbl.

24. ágúst 2009

HAUSTBRÉF

<http://hateigsskoli.is>

Frá skólustjóra

Ágætu lesendur,

Margt hefur breyst frá síðasta haustpistli. Hefði ég trúað því sem gerst hefur síðan ef mér hefði verið sagt það? Ég held varla. Nú fáum við svo ótrúlegar fregnir á hverjum degi sem tengjast efnahagshruninu að okkur er hætt að bregða. Það eina sem við vitum fyrir víst er að það er mikil óvissa framundan bæði fyrir einstaklinga og fjölskyldur og þjóðfélagið í heild. Við þurfum því að halda góðum tengslum, skiptast á upplýsingum og standa saman um okkar góða skóla. Mig langar að þakka þeim foreldrum sem gáfu sér tíma til að taka þátt í fyrstu netkönnun okkar í júní. Það voru 345 í úrtakinu og 161 svaraði sem var 46,67% þátttaka. Það var góð dreifing svara í öllum árgöngum og því tel ég óhætt að taka nokkurt mark á niðurstöðunum og einnig vegna þess að jafnt var svarað fyrir bæði kynin. Ég hef þegar kynnt margt í könnuninni fyrir starfsfólki og allar góðar tillögur verða vandlega athugaðar. Ég vil gera svör við spurningum 9 og 10 að sérstöku umræðuefni. Í 9. spurningu var spurt: Á hvern hátt finnst þér skólinn geta orðið að liði í ótryggu efnahagsástandi? 92 gáfu sér tíma til að skrifa athugasemdir og er ég sérstaklega þakklátur fyrir þær. Athugasemdirnar eru gott veganesti fyrir okkur í Háteigsskóla en ég mun einnig koma þeim á framfæri við fræðslustjórnann í Reykjavík. Við spurðum í 10. spurningu: Myndir þú leggja í sérstakan styrktarsjóð þar sem greitt væri fyrir mat eða félagsstarf nemenda? (Tillagan kom frá foreldri í skól-anum.) 65,61% sögðu já og 34,39% sögðu nei. Það er hughreystandi í því ástandi sem er í þessu landi að fá svona undirtektir. Í vor skoðuðum við vandlega möguleika á því að stofna svona sjóð en við rákum okkur alltaf á þann vanda með hvaða hætti við ættum að styrkja, hverja við ættum að styrkja og hvar ættu mörkin að liggja, hver ætti að sjá um sjóðinn og hvernig ætti að sækja í hann. Okkur tókst ekki að finna leiðina en við þokuðumst nær. Það er alveg ljóst að svona sjóð þarf að stofna með formlegum hætti og öll um-sýsla þarf að vera opin og uppi á borðinu, þó að einstakar styrkveitingar séu ekki opinberaðar. Ég mun halda áfram að vinna að stofnun þessa sjóðs í þeirri von að okkur takist að finna réttu leiðina. Það er alveg ljóst að okkur ber

skylda til að finna svona sterkri og jákvæðri samfélagsvitund og umhyggju þann farveg sem hún á skilið.

Margir spyrja hvernig hagræðingarkröfum hefur verið mætt í einstökum skólum. Nemendafækkun og hagræðingarkröfur í okkar skóla hafa áhrif á yfirvinnugreiðslur jafnt til kennara og annarra starfsmanna. Allar breytingar á skipulagi voru vandlega ígrundaðar til að þær kæmu sem minnst niður á nemendum. Við tókum ákvörðun um að vera með einn bekk í 8. bekk enda var þar einungis einn stór bekkur eða 28 nemendur. Gamla reglur sögðu til um að 29. nemandinn skipti bekkjum en slíkar skiptireglur gilda ekki lengur. Skólustjórum er gert að meta fjölda í hópum út frá samsetningu hópsins. Í fyrsta bekk er nú 21 nemandi og því aðeins einn bekkur. Verulegur niðurskurður hefur þegar orðið á vettvangsferðum og ferðalögum nemenda sem og starfsmannaferðum en skólinn hefur kostað nokkra starfsmenn á hverju ári til að fara á ráðstefnur og sækja námskeið. Einnig er sparnaður í almennum innkaupum og stofnbúnaði. Hér verð ég að lofa foreldra 10. bekkinga sem útskrifuðust í vor einu sinni enn og þakka þeim fyrir að taka varferð hópsins alfarið yfir.

Ég tel að skólinn sé vel búinn undir starfið í vetur enda voru litlar breytingar á starfsliði á milli ára. Það er góð stemming og það ríkir bjartsýni í starfsmannahópnum.

Við hlökkum öll til að takast á við vetrarstarfið.

Verið öll hjartanlega velkomin til starfa.

Ásgeir Beinteinsson, skólustjóri Háteigsskóla.

Foreldraviðtöl, starfsdagar og vetrarfrí

Eins og kom fram á skólalagatali sem var sent heim í vor og er á heimasíðunni, verða foreldraviðtöl 13. október og 2. febrúar. Starfsdagar verða 9. október, 25. janúar, 16. og 17. febrúar og 9. júní. Vetrarfrí verður 23., 26.-27. október og 18.-19. febrúar.

Öryggiseyðublað

Allir nemendur fá í upphafi skólaársins heim með sér öryggiseyðublað líkt og við höfum notað undanfarin ár. Eyðublöðin nýtast mjög vel til að tryggja að allar upplýsingar um nemendur séu réttar í skrá skólans. Aðalkostur þeirra er að til þeirra getur starfsfólk gripið ef slys eða skyndileg veikindi ber að höndum. Forráðamenn eru beðnir um að sjá til þess að eyðublöðin berist umsjónarkennurum á þriðjudag.

Minnisatriði í upphafi skóla

Hvers konar notkun farsíma er bönnuð í kennslustofum. Það á að vera slökkt á sínum og þeir eiga að vera í töskum eða vösum. Verði misbrestur á er síminn tekinn af nemanda og hann aðeins afhentur forráðamanni. Farsímar, geislaspláttar og önnur verðmæti eru best geymd heima. Gott er að fá sér inniskó þar sem nemendur fara úr útiskóm við útidyr.

Nemendum 7. – 10. bekkjar gefst kostur á að fá lánaðan læstan skáp gegn 1000 kr. tryggingargjaldi sem fæst endurgreitt þegar lykli er skilað að vori.

Nemendur eru beðnir að forðast eins og kostur er að koma með verðmæti með sér, enda getur skólinn ekki tekið neina ábyrgð á verðmætum ef þau hverfa.

Hjólreiðar eru ekki leyfðar á skólalóðinni á skólatíma. Sama gildir um hjólaskauta, hjólaskó, hlaupahjól og hjólabretti.

Mjólkuráskrift

Áskriftartímabilin eru tvö, eitt á hvorri önn. Fyrra tímabilið hefst miðvikudaginn 27. ágúst og lýkur 15. janúar. Umsjónarmaður með mjólkursölunni mun ganga í stofur á þriðjudag 25. ágúst og miðvikudag 26. ágúst og taka við greiðslum vegna áskriftar. Einnig er hægt að borga áskriftina inn á reikning skólans en þá verða forráðamenn að koma með kvittun í skólann eða láta senda hana. Reikningsnúmer er 0111-05-64112 og kennitala skólans 671088-2639. Skrifðu nafn barnsins og bekk á kvittunina. Vakin er athygli á að mjólkin hefur hækkað verulega frá síðasta skólaári. Verðið frá Mjólkursamsölunni hefur hækkað og skólaafsláttur hefur einnig verið felldur niður. Álagning skólans, sem er 4%, er hins vegar í algjöru lágmarki og eingöngu hugsuð til að mæta rýrnun sem alltaf verður.

Nemendur geta nú keypt áskrift til og með 16. janúar eða í 85 skipti. Annars vegar er um að ræða einfalda áskrift (þ.e. einn drykkur á dag sem afhentur er í nestistíma kl. 10:10) og hins vegar tvöfalda áskrift (þ.e. tveir drykkir á dag í nestistíma kl. 10:10 og í hádegi eða í frístundaheimili). Athugið að nemendur sem eru í mataráskrift fá vatn að drekka með matnum þannig að þeim nægir einföld áskrift. Sama gildir um þá sem eru í nestisáskrift í frístundaheimili, þ.e. nestinu fylgir mjólk.

Verð fyrir 85 skipti: einföld tvöföld (2svar á dag)
Léttmjólk ¼ l 2.800 kr. 5.600 kr.

Fyrsta afhending verður fimmtudaginn 27. ágúst og síðasta afhending föstudaginn 15. janúar.

Heitur matur í hádeginu

Nemendum býðst að vera í áskrift að heitum mat í hádeginu. Mánuðurinn kostar 5000 kr. og er borgað mánaðarlega fyrirfram. Hægt er að segja mataráskriftinni upp með mánaðar fyrirvara. Umsóknareyðublöð eru á netinu og fara líka heim með nemendum mánudaginn 24. ágúst og skal skila þeim til umsjónarkennara eða á skrifstofu skólans á þriðjudaginn 25. ágúst.

Heimanám fyrir nemendur í 5. – 7. bekk

Eins og undanfarna vetur verður nemendum í 5.-7. bekk boðið upp á að vinna að heimanámi í skólanum. Nánari upplýsingar um verð og fleira verða sendar fljótlega.

Skilaboð frá íþrótt- og sundkennurum

Íþróttakennarar vilja benda foreldrum á áriðandi skilaboð á heimasíðunni. Skjalið heitir Skilaboð frá íþróttakennurum og þar er lýst fyrirkomulagi íþrótt- og sundtíma.

Skólasund veturinn 2009 – 2010

Eins og undanfarin ár verður sundið á föstudögum í Sundhöll Reykjavíkur (fyrir og eftir hádegi) og í sundlaug Austurbæjar-skóla (fyrir hádegi). Einnig verður sund fyrir 5., 6. og 7. bekk á fimmtudagsmorgnum í Sundhöllinni.

Nemendur í 4. bekk eru í sundi allan veturinn og eru tímar þeirra á stundaskrá. Aðrir nemendur (1.-3. bekkur) eru ýmist í sundi á haust- eða vormisseri. Nemendum er ekið milli laugar og skóla. Á föstudagsmorgnum verða nemendur í 4. bekk að vera mættir aðeins fyrr en venjulega því rútan fer frá skólanum kl. 8:15. Nemendur í 1.-3. bekk fara úr kennslustundum frá umsjónarkennurum. Starfsmaður skólans fylgir nemendum 1. - 4. bekkjar í rútnu milli laugar og skóla.

Föstudagur:

Kl.	Frá skóla	Haustmisseri	Vormisseri
8:30-9:10	8:15	4. JOS	4. RH
9:10-9:50	8:55	3. KR	3. IRB
10:10-10:50	9:55	2. GBJ	2. HHP
10:50-11:30	10:35	4. RH	4. JOS
11:40-12:20	11:25	Aukatími	
13:00-13:40	12:45	1. SÓ stelpur	1. SÓ strákar

Skipti verða á 4. bekknum 22. janúar, þ.e. 4. RH byrjar þá fyrst á morgnana í stað 4. JOS.

Nemendur í 5., 6. og 7. bekk eru í sundi allan veturinn í Sundhöllinni á fimmtudagsmorgnum. Nemendur í 7. HHF eru í sundi á haustmisseri og mæta beint upp í Sundhöll kl. 8:25. Á vormisseri mæta nemendur í 7. EVÓ beint þangað. Nemendur 5. GH eru í sundi á haustmisseri og 5. DM á vormisseri. Nemendur 6. LG eru í sundi á haustmisseri og 6. AJ á vormisseri. Nemendum 5.-7. bekkjar er ekið milli laugar og skóla nema 7. bekkjar sem mæta sjálfir í Sundhöll á fimmtudagsmorgnum.

Fimmtudagur:

Kl.	Frá skóla	Haustmisseri	Vormisseri
8:30-9:10		7. HHF	7. EVÓ
9:10-9:50	8:55	5. GH	5. DM
10:10-10:50	9:55	6. LG	6. AJ

Nemendur í 8. og 10. bekk eru í sundi í Sundhöllinni á haustmisseri og 9. bekkur er síðan á vormisseri.

Föstudagur:

Kl.	Haustmisseri	Vormisseri
13:40-14:20	8. ESP	9. SA
14:30-15:10	10. bekkur	9. SPS

Síðasti sundtími hópa á haustmisseri er 14. og 15. janúar og nemendur vormisseris byrja 21. og 22. janúar.

Ástundun nemenda

Allir kennarar skrá hegðun og mætingar nemenda í skólanum. Ástundun nemenda 6. - 10. bekkjar verður send heim á u.þ.b. mánaðarfresti. Allir forráðamenn hafa netaðgang að upplýsingum um ástundun barna sinna í Mentor ásamt fleiri upplýsingum sem kennari kys að setja á netið. Slóðin er <http://www.mentor.is>. Á unglingastigi er skólasóknareinkunn tengd ástundun og birtist hún á prófskírteinum.